

Alþingi
Nefndasvið
150 REYKJAVÍK
b.t. umhverfisnefndar

Reykjavík 10. apríl 2008

Tilvísun: 200802-01270.03.01

Umsögn um frumvarp til skipulagslaga

Skv. 51. gr. a. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. reglugerð nr. 160/2007 um varnir gegn hættu á stórslyssum af völdum hættulegra efna er Vinnueftirlitinu falið eftirlit með starfsstöðvum þar sem hættuleg efni eru geymd eða notuð. 51. gr. a. laga nr. 46/1980 og reglugerð nr. 160/2007 er ætlað að koma í veg fyrir að stórslys hljótist af þesskonar starfsstöðvum þar sem hættuleg efni eru geymd eða notuð. Í VIII. kafla ofangreindrar reglugerðar er fjallað um skipulag en þar segir:

“Til að stuðla að því að þau markmið sem sett eru í þessari reglugerð náist þarf að taka mið af stórslyshættu þegar landnýting er skipulögð. Þetta á einkum við þegar velja á heppilegan stað fyrir nýja starfsstöð, endurbæta eða stækka þarf starfsstöð og þegar velja á flutningsleiðir.


Við skipulag landsvæða þarf að taka mið af stórslyshættu þannig að sem minnst hætta sé fyrir menn og umhverfi auk þess sem fullnægjandi vegalengd skal vera á milli starfsstöðvar sem fellur undir þessa reglugerð og staða sem eru einstakir frá náttúrunnar hendi. Nánari ákvæði um skipulag og landnýtingu er að finna í lögum og reglugerð um skipulagsmál”


Sprengiefnageymslur eru einar af þessum starfsstöðvum sem ofangreind lög og reglugerð ná til en í reglugerð nr. 684/1999 um sprengiefni er getið um öryggisfjarlægðir mannvirkja frá sprengiefnageymslum í viðauka IV.

Með tillits til ofangreindra laga og reglugerða mælir Vinnueftirlitið eindregið með því, að í nýjum skipulagslögum verði þess getið, að við skipulagningu skuli taka mið af starfsstöðvum þar sem hættuleg efni eru geymd eða notuð með það að leiðarljósi að mönnum og mannvirkjum muni ekki skapast hætta af slíkum starfsstöðvum.

Að öðru leiti gerir Vinnueftirlitið engar athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst
f.h. Vinnueftirlitsins


Eyjólfur Sæmundsson
Forstjóri


Björn Þ. Rögnvaldsson
lögfræðingur